

**Úrskurðarnefnd velferðarmála**

07 151

**Ársreikningur 2022**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

**Úrskurðarnefnd velferðarmála**

**Fjárlagaliðurinn er í umsjón**

**Félagsmálaráðuneytisins**

**kt. 521218-0610**

**Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Úrskurðarnefnd velferðarmála er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs

Starfsemi fjárlagaliðarins fellur undir málefnasvið 32 og málaflokk 40 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 222,7 milljónir og afkoma kr. -3,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 20,3 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 46,4 milljónir.

Starfsemi fjárlagaliðarins á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Úrskurðarnefndar velferðarmála í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Úrskurðarnefndar velferðarmála fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Guðrún Agnes Þorsteinsdóttir  
Formaður úrskurðarnefndar velferðarmála

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	208.400.000	204.100.000
Seld þjónusta .....	3	12.600.000	13.100.000
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	1.686.981	1.421.032
<b>Tekjur samtals</b>		<b>222.686.981</b>	<b>218.621.032</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	4	188.914.464	178.216.843
Annar rekstrarkostnaður .....	5	35.794.699	32.370.783
Afskriftir .....	6	1.686.981	1.421.032
<b>Gjöld samtals</b>		<b>226.396.144</b>	<b>212.008.658</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>(3.709.163)</b>	<b>6.612.374</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(4.756)	(2.581)
		(4.756)	(2.581)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>(3.713.919)</b>	<b>6.609.793</b>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7		
Áhöld, tæki og búnaður .....		4.140.632	5.455.176
Aðrar eignir .....		999.109	1.114.275
		<u>5.139.741</u>	<u>6.569.451</u>
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>5.139.741</u>	<u>6.569.451</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Tengdir aðilar .....	8	41.250.979	48.225.217
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>41.250.979</u>	<u>48.225.217</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>46.390.720</u>	<u>54.794.668</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	9		
Hrein eign .....		20.276.081	30.369.793
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>20.276.081</u>	<u>30.369.793</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	8	87.732	473.130
Viðskiptaskuldir .....		2.064.845	433.487
Ýmsar skammtímaskuldir .....	10	15.230.423	14.799.638
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	11	8.731.639	8.718.620
		<u>26.114.639</u>	<u>24.424.875</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>26.114.639</u>	<u>24.424.875</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>46.390.720</u>	<u>54.794.668</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	12		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(3.713.919)	6.609.793
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	6	1.686.981	1.421.032
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(1.686.981)	(1.421.032)
		<u>(3.713.919)</u>	<u>6.609.793</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Tengdir aðilar .....		1.651.776	(7.739.934)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		2.062.143	1.130.141
		<u>3.713.919</u>	<u>(6.609.793)</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	7	(257.271)	(3.734.402)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....		0	27.000
		<u>(257.271)</u>	<u>(3.707.402)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		0	2.107.402
Fjárfestingarframlag .....		257.271	1.600.000
		<u>257.271</u>	<u>3.707.402</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>			
		<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggja kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Aðrar eignir .....	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

# Skýringar

## Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

## Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

## Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

## Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2022	2021
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	208.400.000	204.100.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	1.686.981	1.421.032
	210.086.981	205.521.032

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	6
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	208.400.000	0	0	208.400.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>208.400.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>208.400.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum .....	(212.113.919)	0	0	(212.113.919)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(3.713.919)</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>(3.713.919)</b>

	2022	2021
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Sérfræðiþjónusta .....	12.600.000	13.100.000
	12.600.000	13.100.000

### 4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	154.450.682	145.420.407
Orlof, breyting .....	440.237	1.395.014
Launatengd gjöld .....	33.078.695	30.568.898
Starfsmannakostnaður .....	944.850	832.524
	188.914.464	178.216.843
Meðalfjöldi stöðugilda .....	10,8	10,4

## Skýringar

	2022	2021
<b>5 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	420.406	470.899
Ýmis tæki og áhöld .....	101.967	334.281
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	16.950	0
Orkugjafar .....	78.728	99.249
Matvæli .....	1.900.878	1.407.776
Almennar rekstrarvörur .....	96.651	180.043
Vörukaup, almenn	2.615.580	2.492.248
Fundir, námskeið, risna .....	887.058	245.066
Akstur .....	100.434	0
Sérfræðiþjónusta .....	2.472.634	2.129.049
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	22.444	67.162
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	130.718	104.740
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	764.288	1.101.187
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	4.377.576	3.647.204
Afnotagjöld .....	6.626.306	5.679.327
Leigugjöld .....	19.386.764	17.642.905
Verkkaup .....	1.271.769	1.018.577
Kostnaðarhlutdeild .....	1.516.704	1.890.522
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	28.801.543	26.231.331
Annar rekstrarkostnaður samtals	35.794.699	32.370.783
<b>6 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	1.571.815	1.358.045
Aðrar eignir .....	115.166	37.391
Sölutap og úreltar eignir .....	0	25.596
	1.686.981	1.421.032

## Skýringar

	2022	2021
<b>7 Varanlegir rekstrarfjármunir</b>		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður .....	4.140.632	5.455.176
Aðrar eignir .....	999.109	1.114.275
	5.139.741	6.569.451

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:

	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2022 .....	10.596.249	1.151.666	11.747.915
Viðbætur á árinu .....	257.271	0	257.271
	10.853.520	1.151.666	12.005.186
Afskriftir 01.01.2022 .....	5.141.073	37.391	5.178.464
Afskrift ársins .....	1.571.815	115.166	1.686.981
	6.712.888	152.557	6.865.445
Staða 31.12.2022 .....	4.140.632	999.109	5.139.741
		<b>31.12.2022</b>	<b>31.12.2021</b>

## 8 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	28.650.979	48.225.217
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	12.600.000	0
	41.250.979	48.225.217

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	87.732	473.130
	87.732	473.130

## 9 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2022	31.12.2021
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	30.369.793	53.535.325
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins .....	(6.379.793)	(29.775.325)
Afkoma ársins .....	(3.713.919)	6.609.793
Jöfnuður 31.12. ....	20.276.081	30.369.793

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

## Skýringar

	31.12.2022	31.12.2021
<b>10 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	15.230.423	14.790.186
Önnur ógreidd gjöld .....	0	9.452
	<u>15.230.423</u>	<u>14.799.638</u>

### 11 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2022	31.12.2021
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	5.139.741	6.569.451
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga .....	3.591.898	2.149.169
	<u>8.731.639</u>	<u>8.718.620</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022 .....	6.569.451	2.149.169	8.718.620
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	1.700.000	1.700.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	257.271	(257.271)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	<u>(1.686.981)</u>	<u>0</u>	<u>(1.686.981)</u>
	<u>5.139.741</u>	<u>3.591.898</u>	<u>8.731.639</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 1,6 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

### 12 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Fjárlagaliðurinn hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði og þjónustusamninga vegna tölvukerfa, síma og þrifa. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 22,5 milljónum og vegna annarra samninga kr. 4,1 milljónum.

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum fjárlagaliðarins í árslok 2022.

#### Veittar ábyrgðir

Fjárlagaliðurinn hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óafturkallanleg loforð

Fjárlagaliðurinn hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hans.

#### Atburðir eftir reikningskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.